

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 22. febrúar 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (343. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér aukið eftirlit Fjármálaeftirlitsins og hertari reglur fyrir fjármálafyrirtæki*

Viðskiptaráð Íslands fagnar þeirri endurskoðun á lögum um fjármálafyrirtæki sem umrætt frumvarp felur sér og því samstarfi sem haft var við aðila á fjármálamarkaði og utanaðkomandi sérfræðinga við vinnslu þess. Þrátt fyrir að ráðið telji að frumvarpið hafi í för með sér nauðsynlegar breytingar á núgildandi lögum er rétt að benda á nokkur atriði sem sem ganga mætti lengra með og önnur sem virðast ekki til þess fallin að stuðla að eðlilegu samkeppnisumhverfi.

Það fyrsta sem ber að athuga í framlögðu frumvarpi að mati Viðskiptaráðs er sú öfuga sönnunarbyrði sem sett er fram við mat á tengslum viðskiptamanna, kemur þetta til dæmis bæði fram í 1. gr. og 18. gr. frumvarpsins. Öfug sönnunarbyrði eins og sett er fram í frumvarpinu nær eins og áður sagði til tengsla viðskiptamanna og samræmast þessi ákvæði ekki nýlegu frumvarpi um váttryggingar sem lagt var fyrir Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi, 229. mál. Verður ekki séð af rökstuðning í greinargerð frumvarpsins að þessi breyting sé til þess fallin að auka gagnsæi eða skilvirkni laganna. Í greinargerð ofangreinds frumvarps er hins vegar vísað til þess, í kafla um helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins, að kveðið sé á um auknar heimildir Fjármálaeftirlitsins til að snúa við sönnunarbyrði við mati á virkum eignarhlut. Þetta kemur hins vegar ekki fram í frumvarpinu.

*Viðskiptarétt leggur til að viðskiptanefnd á að taka þetta til athugunar og gætir samræmis milli greinargerðar og frumvarps um leið og þess er gætt að ákvæði frumvarpsins séu í samræmi við önnur framlögð frumvörp.*

Það er mat undirritaðrar að ekki sé nægilega langt gengið í takmörkun á heimildum banka til að eiga og reka fyrirtæki í alls óskyldum rekstri. Eignarhald banka á fyrirtækjum í óskyldum rekstri getur verulega skekk samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja og valdið mismunun á markaði milli fyrirtækja í þeirra eigu og fyrirtækja í annarra eigu. Það verður ekki litið fram hjá þeirri hættu innan banka að markaðslögmál séu látin víkja fyrir björgunaraðgerðum á verðmætum sem ekki myndu lifa af í eðlilegu markaðsumhverfi. Ráðstafanir banka fyrir hönd fyrirtækja í þeirra eigu geta, eðli málsins samkvæmt, haft afar slæm áhrif á samkeppnisstöðu keppinauta þeirra sem ekki njóta slíkt stuðnings. Viðskiptaráð leggur til að enn lengra verði gengið í takmörkunum á heimildum banka en frumvarpið gerir ráð fyrir. Ráðið telur ástæðu til að takmarka enn frekar þann tíma sem fjármálafyrirtæki hafi samkvæmt ákvæðinu og lúti einnig eftirlits Fjármálaeftirlitsins en ekki eingöngu tilkynningarskyldu.

*Viðskiptaráð leggur til að í 13. gr. frumvarpsins sé gengið lengra í eftirliti Fjármálaeftirlitsins en gert er ráð fyrir í framlagðri tillögu og að eftirlitinu sé gert að setja fjármálafyrirtækjum tímafresti og skilyrði en hafi ekki aðeins heimild til þess.*

Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Viðskiptaráð lýsir sérstökum stuðning við að aukin áhersla sé lögð á góða viðskiptahætti og kröfu til fyrirtækja um eftirfylgni. Ráðið telur hins vegar að ganga megi lengra á þessu sviði og leggja þá kröfu á fyrirtæki á fjármálamarkaði að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (corporate governance). Viðskiptaráð tekur undir þá tillögu sem sett er fram í umsögn NASDAQ OMX Iceland hf. þar sem lagt er til að eftirfarandi málsgrein bætist við umrætt ákvæði frumvarpsins:

*Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skulu þau m. a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi þess eða ársskýrslu. Jafnframt skal fyrirtækið tileinka sérstakan hluta af vefsíðu sinni góðum stjórnarháttum og birta þar stjórnarháttayfirlýsingu þess og fleiri gögn.*

*Viðskiptaráð leggur til að við 10. gr. frumvarpsins, eða 19. gr. núgildandi laga, bætist við ofangreint ákvæði.*

Viðskiptaráð tekur einnig undir þá tillögu NASDAQ OMX að eignarhald á helstu fjármálafyrirtækjum landsins verði gert gagnsæra en nú er gert ráð fyrir í ofangreindu frumvarpi. Aukið gagnsæi í fjármálakerfi er til þess að efla traust og trúverðugleika almennings á uppbyggingu og starfsemi fjármálafyrirtækja. Með því að ganga lengra en frumvarpið gerir ráð fyrir og tryggja að upplýsingar um eignarhald á fjármálafyrirtækjum séu opinberar og aðgengilegar má treysta frekar þær stöðir sem þarf svo hægt verði að vinna aftur traust almennings á fjármálakerfinu.

*Viðskiptaráð leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu í þá átt að upplýsingar um eignarhald á helstu fjármálafyrirtækjum landsins verði gert opinbert og aðgengilegt.*

Ástæða er til að gera athugasemd við þá fresti sem koma fram í 25. gr. frumvarpsins. Greinin felur í sér breytingar á núgildandi 42. gr. laga um fjármálafyrirtæki, en sú grein tekur til mats á hæfi til að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið getur með umræddri breytingu lagt fleiri atriði til grundvallar mati sínu á hæfi og er það jákvæð breyting. Hins vegar eru þeir frestir sem Fjármálaeftirlitið hefur til að krefja frekari upplýsinga og til að meta hæfni mjög langir, eða fimmtíu daga til að krefja frekari upplýsinga og sextíu dagar til að meta hæfi. Telja verður að þessir tímafrestir, samtals allt að hálfu ári, séu það langir að verulega íþyngjandi áhrif geti skapast fyrir þann sem sækist eftir virkum eignarhlut, enda geta aðstæður fjármálafyrirtækja breyst verulega á þeim tíma sem um ræðir.

*Viðskiptaráð leggur til að sérstaklega verði skoðað hvort ekki sé forsenda til að stytta umrædda tímafresti.*

Einnig er gerð athugasemd við orðalag 25. gr. frumvarpsins. Í 1. og 2. tölulið 2. mgr. er vísað til orðspors þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eða veita fjármálafyrirtæki forstöðu. Greinargerðin kemur lítillaga inn á hvað geti falist í slíku orðspori en ekki verður séð að með fullnægjandi hætti sé tekið á skilgreiningu á því. Kemur fram í 4. og 5. tölulið orðalagis „ætla megí“, sem ekki er frekar útskýrt í greinargerð hvað skuli felast í slíku mati eða viðmið gefin því til skýringar. Það er því mat undirritaðrar að frekari skýringa sé þörf á því hvaða viðmið eigi hér við svo allir þeir sem hyggjast eignast virkan eignarhlut sitji við sama borð en séu ekki háðir of matskenndu mati Fjármálaeftirlitsins.


*Viðskiptaráð leggur til að orðalag 25. gr. frumvarpsins verði tekið til endurskoðunar með tilliti til ofangreindra athugasemda.*

Umrætt frumvarp gerir ráð fyrir umsvifamikilli reglusetningu af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Slík reglusetning hefur styrkjandi áhrif á lagaumgjörð um fjármálamarkaði og er til þess fallin að gera eftirlit og framfylgni skýrari og skilvirkari. Viðskiptaráð hvetur til aukins eftirlits og eftirfylgni með hertari reglum ásamt auknu gagnsæi. Þess verður þó alltaf að gæta að slíkar reglur verði ekki of íþyngjandi fyrir fjármálafyrirtæki þannig að þær tefji fyrir eða komi í veg fyrir endurreisn skilvirks fjármálakerfis í landinu.

Sérstaka athugasemd verður að gera við þann tímaramma sem frumvarpið gerir ráð fyrir til slíkrar reglusetningar þar sem gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi. Viðskiptaráð telur að í samráði við Fjármálaeftirlitið, þurfi að skoða hvort ástæða sé til að fresta gildistöku laganna uns slíkt regluverk hefur verið sett fram af hálfu eftirlitsins. Fari frumvarpið í gegn án þess að Fjármálaeftirlitið sé í stakk búð til að fylgja ákvæðum þess eftir getur valdið óvissu á fjármálamarkaði sem þjónar hvorki hagsmunum markaðarins né almennings.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands